

## AUGLÝSING

### um gjaldskrár Orkuveitu Reykjavíkur.

#### Vatnsgjald.

Vatnsgjald ársins 2011 og framvegis, þar til annað verður ákveðið, er reiknað skv. eftirfarandi reglu:

Vatnsgjald er 4.639 kr. fast gjald + 180 kr. á hvern fermetra miðað við hverja matseiningu skv. fasteignamati. Í Borgarnesi, Bifröst, Stykkishólmi, Grundafirði, Gráborgarveitu\*), Munaðarnesveitu\*) og Úthlíðarveitu\*) er fastagjald 5.293 kr. + 233 kr. á hvern fermetra. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. Heimilt er að fella niður fastagjald af húsnæði sem ekki er tengt vatnsveitu. Ekki er innheimt vatnsgjald af húsnæði utan dreifikerfis vatnsveitunnar. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í desember 2010 og uppfæriskv. henni í desember ár hvert.

\*) Vatnsveitur í sumarhúsabyggingum. Árlegt vatnsgjald skal að lágmarki vera 24.868 kr. Vatnsgjald innheimtist með fasteignagjöldum.

#### Notkunargjald vatns.

Notkunargjald er innheimt skv. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og skv. reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

Notkunargjald þann 1. janúar 2011 er 24,18 kr./m<sup>3</sup>.

#### Gjaldskrá fyrir mæla

Stærð mælis	Mælaleiga í kr. per dag
15 mm	28,78
20 mm	29,30
25 mm	37,71
32 mm	42,26
40 mm	50,88
50 mm	62,21
80 mm	162,80
> 100 mm	171,15

Gjaldskráin er uppfærð samkvæmt byggingarvísitölu á þriggja mánaða fresti.

Í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, hefur Orkuveita Reykjavíkur ákveðið að frá 1. janúar 2011 taki eftirfarandi gjaldskrá gildi:

#### Gjaldskrá heimæðargjalda.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað OR við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af OR.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm
Heimæðargjald kr.:	215.000	307.252	439.087	635.541	840.033	1.124.570

Heimæðargjald fyrir inntök > 90 mm er reiknað út hjá OR.

Gjöld miðast við byggingarvísitölu í janúar 2011 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

**Fráveita.**

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir, á grundvelli V. kafla laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu, eftirfarandi gjaldskrá fyrir fráveitu fyrir árið 2011.

Sveitarfélag	Fast gjald kr. / matseining	Breytilegt gjald kr. / fermetra
Veitusvæði I Reykjavík	5.148,53	198,73
Veitusvæði II Akranes	5.148,53	198,73
Veitusvæði III Borgarbyggð	6.821,79	263,27
Veitusvæði IV Álftanes	7.496,99	290,21

Gjaldskráin miðast við byggingarvísitölu í desember 2010.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 29. desember 2010.*

Orkuveita Reykjavíkur,

**Brynjar Stefánsson,**  
sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs.